

Nr. 4.
29.
april.

Tilskipun

um

að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum

13. nóvember 1903, skuli einnig ná til Noregs.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
 Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
 Lænborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að með því að þeim, sem á Íslandi reka verksmiðjuiðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verzlun eða aðra atvinnu, er veittur sami kostur á að öðlast vernd á vörumerkjum í Noregi eins og norskkum þegnum, þá viljum Vjer samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í 15. gr. laga um vörumerki 13. nóv. 1903, skipa svo fyrir sem hjer segir:

Þeir, sem í Noregi reka verksmiðjuiðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verzlun eða aðra atvinnu, skulu verða þeirrar verndar á vörumerkjum, sem lög 13. nóvember 1903 heimila, aðnjótandi með þeim skilyrðum, er hjer greinir:

1. Tilkynningu skal fylgja sönnun fyrir því, að beiðandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í Noregi fyrir því, að vörumerkið njóti þar verndar.
2. Beiðandi skal undirgangast, að bæjarþing Reykjavíkur sje varnarþing hans í öllum málum viðvíkjandi vörumerkinu og tilnefna umboðsmann, búsettan á Íslandi, er taki á móti málssókn fyrir hans hönd.
3. Vörumerkið skal ekki njóta víðtækari verndar eða verndar fyrir lengri tíma en í Noregi.
4. Vörumerkið skal skrásetja í þeirri mynd, sem löggilt er í Noregi, nema gagnstætt sje velsæmi og allsherjarreglu.
5. Nú er vörumerki tilkynnt til skrásetningar á Íslandi í síðasta lagi 4 mánuðum eftir að það hefur verið tilkynnt í Noregi, og skal þá gagnvart öðrum tillkynningum telja, að þessi tilkynning hafi fram farið um leið og tilkynningin fer fram í Noregi.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. júli 1910.

Eftir þessu eiga hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 29. apríl 1910.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Í nafni konungs

Christian,

krónprins.

(L. S.)

Björn Jónsson.

Anordning,

Nr. 4.
29.
April.

hvorved

den i Loven af 13. November 1903 hjemlede Beskyttelse for Varemærker gøres anvendelig i Forhold til Norge.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: At da der er sikret dem, som i Island drive Fabriks- eller Haandværksvirksomhed, Jordbrug, Bjærgværk, Handel eller anden Næring, samme Adgang til Beskyttelse for Varemærker i Norge, som dets egne Undersaatter, saa ville Vi i Henhold til den Bemyndigelse, som dertil er givet ved Lov om Varemærker af 13. November 1903 § 15, herved have anordnet følgende:

Den Beskyttelse for Varemærker, som Lov 13. November 1903 hjemler, skal ogsaa blive dem til Del, der i Norge drive Fabriks- eller Haandværksvirksomhed, Jordbrug, Bjærgværk, Handel eller anden Næring, under følgende Betingelser:

1. Anmeldelsen skal være ledsaget af Bevis for, at Anmelderen har opfyldt de Betingelser, som i Norge udfordres for at vinde Beskyttelse for Varemærket.
2. Anmelderen skal for alle Sager, som angaar Varemærket, vedtage Reykjavik Byting som Væneting samt opgive en i Island bosat Fuldmægtig, der paa hans Vegne kan modtage Søgsmaal.
3. Varemærket beskyttes ikke i videre Omfang eller i længere Tid end i Norge.
4. Varemærket registreres, for saa vidt det ikke strider mod Moralen eller den offentlige Orden, i den Form, hvori det i Norge er gyldigt.
5. Har nogen senest inden 4 Maaneder efter at Varemærket er blevet anmeldt i Norge, anmeldt det til Registrering i Island, skal saadan Anmeldelse i Forhold til andre Anmeldelser anses sket samtidig med Anmeldelsen i Norge.

Denne Anordning træder i Kraft den 1. Juli 1910.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 29. April 1910.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

I Kongens Navn

Christian,

Kronprins.

(L. S.)

Björn Jonsson.